

Þriðjudaginn 20. mars 1990.

Nr. 347/1988. **Þórir Magnússon**

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

gegn

**Gísla Helgasyni**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Vinnusamningur. Iðnnám.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. október 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess í aðalsök að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda. Í gagnsök gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 27.991,58 krónur með 22% ársvöxtum frá 1. desember 1985 til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 18. desember s.á., en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. maí 1987 og með vöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum sökum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu í heild verði vísað frá Hæstarétti, en til vara þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Krafa stefnda um frávisun kom fyrst fram við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti og er á því byggð, að í áfrýjunarstefnu sé leyfis áfrýjanda til áfrýjunarinnar ekki getið, eins og fyrir sé mælt í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Um áfrýjunarleyfi er ekki getið í meginmáli stefnunnar, en hins vegar ber hún skilmerkilega áritun þess efnis, að fyrrgreint leyfi hafi verið sýnt við útgáfu hennar. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á þessa kröfu stefnda.

Eins og til háttar um iðnfræðslu, verður að telja, að áfrýjanda hefði átt að vera auðvelt að ganga úr skugga um stöðu starfsréttinda stefnda. Samkvæmt gögnum málsins var fyrsti vinnudagur stefnda hjá honum 2. september 1985 og hinn síðasti 8. nóvember s.á., en kvörtun yfir ráðningu stefnda hjá áfrýjanda er talin hafa komið fram þegar í septembermánuði. Með tilliti til þessa og annarra atvika ber að fallast á það með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi ekki fært fram nægar sönnur fyrir blekkingu um réttindin af hálfu stefnda, þannig að máli skipti um ákvörðun á launum stefnda fyrir unnin störf.

Ágreiningslaust er með aðilum, að stefndi hafi unnið verk sín, án þess að finna þyrfti að vinnubrögðum hans. Þá er og staðfest af hálfu áfrýjanda, að afsláttur hans til húseiganda að Kotárgerði 17 hafi ekki komið til vegna þess, að verkið væri illa af hendi leyst. Ekki er ágreiningur um þann fjölda vinnustunda, sem stefndi átti óuppgerðar, þegar hann lét af starfinu. Launakröfu sína vegna þeirra hefur hann reiknað með tilliti til greiðslna eftir uppmælingu, svo sem um var samið í öndverðu, en bein gögn um uppmælingu verkanna hefur hann ekki undir höndum. Virðist reikningur hans við hóf eftir gögnum málsins.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta niðurstöðu hans bæði í aðalsök og gagnsök.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórir Magnússon, greiði stefnda, Gísla Helgasoni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Akureyrar 26. maí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí sl., hefur Gísli Helgason, nnr. 2672-7774, Eyrarvegi 37, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 29. september 1986, á hendur Þóri Magnússyni, nnr. 9645-0303, Stapasíðu 11 B, Akureyri.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 36.652 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1.11.1985 til 1.3.1986, en 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4.1986, en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til þingfestingardags 16.10.1986, en dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til 15.4.1987, en dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af framangreindum kröfum og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Með stefnu, útgefinni 5. desember 1986, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda. Eru kröfur gagnstefnanda í gagnsök þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 27.991,58 með 22% ársvöxtum frá 1. desember 1985 til 1. mars 1986, en 13% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., en 9% ársvöxtum frá þ.d. til 18. desember 1986, en eftir það með dómvöxtum til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að í septemberbyrjun 1985 hóf aðalstefnandi störf hjá aðalstefnda, sem er málarameistari, og vann hann þar málningarvinnu þar til í nóvemberbyrjun sama ár, að hann hætti störfum. Telur aðalstefnandi sig eiga vangoldin laun hjá aðalstefnda, sem nemi stefnufjárhæðinni, og hefur hann höfðað málið til innheimtu þeirra. Kveðst hann hafa fengið vinnu sína greidda samkvæmt uppmælingu, og hafi meðaltímakaup hans reynst vera kr. 238. Hann eigi enn óuppgerðar 154 vinnustundir, og sé höfuðstóll kröfunnar fenginn með því að margfalda þær með framangreindu meðaltímakaupi.

Aðalstefndi kveður aðalstefnanda hafa sagst vera á iðnnámssamningi hjá málarameistara í Reykjavík, er hann réð sig til vinnunnar. Þessu hafi aðalstefndi trúað og beðið aðalstefnanda að framvísa samningi sínum. Nokkur bið hafi orðið á því, og hafi hann farið undan í flæmingi. Síðar hafi komið í ljós eða á meðan aðalstefnandi vann við málun að Kotárgerði 17, Akureyri, að vafi léki á því, að hann væri á gildandi iðnnámssamningi. Hafi því lokið með því, að aðalstefnda hafi verið sagt upp störfum við verk þetta og mátt veita afslátt af verkinu, auk þess sem hann hafi orðið fyrir kostnaði vegna þrætu, sem upp kom. Að lokum hinn 8. nóvember 1985 hafi aðalstefnandi viðurkennt, að hann hefði ekki samning við iðnmeistara. Telur aðalstefndi því brostnar forsendur vera fyrir því að greiða aðalstefnanda laun samkvæmt uppmælingartöxtum, þar sem hann hafi vísitandi blekkt hann um gildi iðnnámssamnings síns. Kveðst aðalstefndi hafa greitt aðalstefnanda í laun á tímabilinu frá 2. september 1985 til 8. nóvember

s.á. kr. 59.726,10. Kveðst aðalstefndi bjóðast til að greiða aðalstefnanda laun samkvæmt taxta Meistarasarabands byggingamanna fyrir laun (sic) nema á fyrsta ári fyrir þá vinnu, er hann innti af hendi, en það geri með orlofi samtals kr. 48.764,52. Þá kveður aðalstefndi aðalstefnanda hafa tekið út efnisvörur hjá sér að sér fornspurðum fyrir kr. 2.258. Vegna deilna, sem upp hafi komið vegna blekkinga aðalstefnanda um gildi iðnnámssamnings, hafi aðalstefndi orðið að gefa afslátt af verki að Kotárgerði 17, Akureyri, sem nemi kr. 9.772, og orðið fyrir kostnaði vegna þeirrar þrætu, kr. 5.000. Samtals nemi greidd laun, vöruúttekt, afsláttur vegna Kotárgerðis 17 og innheimtukostnaður kr. 76.756,10. Frá því dragist laun aðalstefnanda, kr. 48.764,52. Telur aðalstefndi sig þannig eiga inni hjá aðalstefnanda mismuninn, kr. 27.991,58. Er sýknukrafa hans í aðalsök byggð á því, að samkvæmt framansögðu hafi aðalstefnandi að fullu fengið greidd laun fyrir vinnu sína, en jafnframt byggir hann kröfu sína í gagnsök á því, að um ofgreidd laun sé að ræða, auk þess sem gagnstefnda beri að greiða honum framangreinda vöruúttekt, afslátt og innheimtukostnað.

Gagnstefndi mótmælir því að hafa blekkt gagnstefnanda á þann hátt, er gagnstefnandi heldur fram. Geti gagnstefnandi því engar kröfur á því reist.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu gagnstefnda viðurkennd efnisúttekt hjá gagnstefnanda fyrir kr. 1.000 og höfuðstóll stefnukröfu í aðalsök lækkaður í samræmi við það.

Í málinu er fram komið, að þegar aðalstefnandi réðst til starfa hjá aðalstefnda, var úr gildi fallinn iðnnámssamningur, er hann áður hafði haft við málrameistara í Reykjavík.

Aðilar hafa komið hér fyrir dóm. Neitar aðalstefnandi því að hafa sagt aðalstefnda, að hann væri á samningi, og kveður aðalstefnda hafa verið fullljóst, að svo var ekki. Kveðst aðalstefnandi hafa ætlað að komast á samning og gert tilraunir til þess, en það hafi ekki tekist. Segir hann, að aðalstefnda hafi verið kunnugt um þetta. Aðalstefndi kveður hins vegar aðalstefnanda hafa skýrt sér frá því, að hann væri á samningi fyrir sunnan, og kveðst hafa tekið hann í vinnu, þar sem svo hagaði til, að nemi, sem hann hafði, var fjarverandi vegna meiðsla. Kveðst hann í byrjun ekki hafa gert kröfu til, að aðalstefnandi sýndi sér samninginn, en það hafi hann síðar gert, þegar fram kom klögun um, að hann væri með ólöglegan mann við vinnu í Kotárgerði 17. Í framhaldi af því hafi hann fengið staðfestingu á því, að samningur aðalstefnanda var löngu fallinn niður.

Samkvæmt framburði aðalstefnda krafði hann aðalstefnanda ekki um námssamning, áður en hann réð hann til vinnunnar. Gegn mótmælum aðalstefnanda hefur aðalstefndi ekki fært fram nægar sönnur fyrir því, að aðalstefnandi hafi beitt hann blekkingum varðandi gildi umrædds námssamn-

ings, þegar ráðning hans fór fram. Verða kröfur aðalstefnda því eigi á þessu reistar. Fullyrðing gagnstefnda um magn úttekinnar vöru aðalstefnanda umfram það, sem viðurkennt hefur verið af aðalstefnanda, er ósönnuð.

Samkvæmt framansögðu og þar sem aðalstefndi hefur eigi rökstutt kröfur sínar á annan hátt en að framan greinir, er niðurstaða dómsins sú, að í aðalsök beri að taka kröfur aðalstefnanda til greina að fullu, en í gagnsök beri að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda. Rétt þykir að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda málskostnað sameiginlega í aðalsök og gagnsök, og telst hann hæfilegur kr. 33.500,00.

#### D ó m s o r ð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Þórir Magnússon, aðalstefnanda, Gísli Helgasyni, kr. 35.652 ásamt 3,75% mánaðarvöxtum frá 1. nóv. 1985 til 1. mars 1986, 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., 2,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 16. okt. s.á., dómvöxtum frá þ.d. til 14. apríl 1987, en vöxtum samkv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Í gagnsök er gagnstefndi, Gísli Helgason, sýkn af kröfum gagnstefnanda, Þóris Magnússonar.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 33.500 í málskostnað samtals í aðalsök og gagnsök.

Dómurinn er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.